



Fundargerð

12. fundar fræðslu- tómstunda- og jafnréttisnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í fræðslu- tómstunda- og jafnréttisnefnd Djúpavogshrepps í Geysi, fimmtudaginn 25. júní 2020 kl. 16:00. Fundinn sátu Kristján Ingimarsson formaður, Elísabet Guðmundsdóttir, Kristborg Ásta Reynisdóttir, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir og Eiður Ragnarsson á Facetime undir lið 2. Þá sat fundinn undir lið 1 Signý Óskarsdóttir skólastjóri. Kristján stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Grunnskóli Djúpavogs: Skólanámsskrá og Sjálfsmat.
2. Erindi frá Ungmennafélaginu Neista.

1. Grunnskóli Djúpavogs: Skólanámsskrá og Sjálfsmat. Signý kom og kynnti skólanámsskrá Djúpavogsskóla 2019-2020 og fór yfir sjálfsmat skólans.
2. Erindi frá Ungmennafélaginu Neista. Nefndin leggur til að sveitarfélagið styðji áfram Ungmennafélagið Neista og leggi til þá fjármuni sem áætlaðir voru út þetta fjárhagsár en að félagið sjái sjálft um að auglýsa og ráða starfsfólk og greiða laun.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:50.

Kristján Ingimarsson,
Fundarritari.